

Mánudaginn 26. febrúar 1973.

Nr. 5/1972. **Alþýðusamband Íslands vegna Iðju, félags
verksmiðjufólks í Reykjavík**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Félags íslenzkra iðnrekenda f. h.
Kexverksmiðjunnar Esju h/f**
(Björgvin Sigurðsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn sjötugs trúnaðarmanns talin lögmet.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 23. október f. á., af Alþýðusambandi Íslands vegna Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Félags íslenzkra iðnrekenda f. h. Kexverksmiðjunnar Esju h/f. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að uppsögn stefnda, Kexverksmiðjunnar Esju h/f, dags. 31. ágúst 1972, á starfi Theodóru Guðlaugsdóttur, verði dæmd brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmet af þeim sökum.

2. að stefnda verði dæmd refsing samkvæmt 11. gr. nefndra laga, sbr. 70. gr. sömu laga.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 29. apríl 1970, tilkynnti Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, að félagið hefði tilnefnt þær Theodóru Guðlaugsdóttur og Rósu Þorleifsdóttur sem trúnaðarmenn Iðju á vinnustað Kexverksmiðjunnar Esju h/f og var hlutafélaginu boðið val milli þeirra samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938. Jafnframt var tekið fram í nefndu bréfi, að hefði

tilkynning um val hlutafélagsins ekki borizt fyrir 9. maí 1970, yrði litið svo á, að Theodóra Guðlaugsdóttir væri samþykkt sem trúnaðarmaður. Ekkert svar barst frá hlutafélaginu og gerðist Theodóra trúnaðarmaður félags síns. Með bréfi, dags. 31. ágúst 1972, var henni sagt upp starfi frá og með 1. nóv. sl. og hætti hún störfum frá sama tíma. Stefnandi segir, að eigi hafi verið tilgreindar neinar uppsagnarástæður, en þegar kannað var, hverjar þær væru, hafi sú skýring verið gefin af hálfu hlutafélagsins, að það væri vegna aldurs Theodóru. Þessa ástæðu taldi Iðja ekki gilda og mótmælti uppsögn þessa trúnaðarmanns félagsins með bréfi, dags. 25. sept. f. á. Bar Iðja m. a. fram þau rök fyrir mótmælum sínum, að enn störfuðu hjá hlutafélaginu starfsmenn, sem væru eldri en Theodóra. Hún hefði verið á 71. aldursári, fædd 29. des 1899, þegar hún var tilnefnd trúnaðarmaður. Hefði hlutafélaginu þá verið í lófa lagið að velja Rósu Þorleifsdóttur til trúnaðarmannsstarfars, ef það hefði talið aldur Theodóru standa því í vegi, að hún gegndi trúnaðarmannsstörfum. Reynslan hafi hins vegar orðið sú, að Theodóra, sem sé ágætur starfsmaður, hafi leyst trúnaðarmannsstörf sín af hendi með mikilli kostgæfni. Einkum hafi hún fylgzt vel með því, að framfylgt væri ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar. Muni endurteknar athugasemdir hennar og óskir um úrbætur í þeim efnum svo og aðrar aðfinnslur hafa átt þátt í því, að henni var sagt upp. Telur stefnandi, að ákvörðun félagsins um hámarksaldur sé fyrirsláttur einn og komi það m. a. í ljós af því, að enn starfi í verksmiðju hlutafélagsins a. m. k. þrjú starfsmenn, sem séu komnir yfir sjötugt. Brjóti það og í bág við grunnreglur 11. gr. laga nr. 80/1938, að trúnaðarmanni sé fyrstum sagt upp starfi, þótt hann sé eldri en 70 ára, meðan aðrir eldri eða jafngamlir starfsmenn haldi störfum sínum. Heldur stefnandi því fram, að þessar ástæður allar leiði til þeirrar niðurstöðu, að taka beri kröfur hans til greina og dæma uppsögn Theodóru Guðlaugsdóttur brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og ölögmæta.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í febrúarmánuði 1972 hafi stjórn hlutafélagsins ákveðið, að aldurstakmark starfskvenna skyldi vera: lágmark 16 ára og hámark

70 ára aldur. Hafi framkvæmdastjóra jafnframt verið falið að láta þetta koma sem fyrst til framkvæmda. Þessi ákvörðun sé í samræmi við þær almennu reglur, sem gildi um hámarksaldur starfsmanna ríkisins og Reykjavíkurborgar, og einnig sé það orðin föst regla hjá ýmsum stórum fyrirtækjum, að hámarksaldur starfsmanna sé miðaður við 70 ára aldur. Engar lagareglur banni einkafyrirtækjum að setja slík aldurstakmörk og kjarasamningar vinnuveitenda og stéttarféлага geymi eigi nein ákvæði um aldursmörk launþega. Uppsögn Theodóru Guðlaugsdóttur hafi samkvæmt þessu aðeins verið framkvæmd á almennri og lögmætri reglu, sem hlutafélagið hafi sett um hámarksaldur starfsfólks síns. Hafi því ekki í þessu sambandi skipt máli, hvort Theodóra var trúnaðarmaður félags síns eða ekki. Þá mótmælir stefndi því og eindregið, að Theodóru hafi verið sagt upp vegna trúnaðarmannsstarfa hennar. Geti 1. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 því eigi komið hér til álita, og þá ekki heldur 2. málsg. sömu greinar, þar sem hér hafi ekki verið um fækkun starfsfólks að ræða, auk þess sem starfskonur þær eldri en 70 ára, sem enn starfi hjá hlutafélaginu, vinni ekki fullan vinnudag.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1954 skulu starfsmenn ríkisins láta af störfum, þegar þeir hafa náð sjötugsaldri og sama máli gegnir um ýmsa starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga, sbr. lög nr. 27/1935. Mun það nú vera almenn regla að starfsmenn opinberra aðilja láti af starfi þegar þeir eru orðnir 70 ára.

Þá hafa ýmsir vinnuveitendur nú á síðari árum tekið upp þá almennu reglu, að starfsmenn þeirra láti af störfum, er þeir hafa náð sjötugsaldri. Er eigi fram komið, að lagareglur, venja né kjarasamningar skjóti loku fyrir lögmæti slíkra ákvarðana um hámarksaldur starfsmanna. Verða trúnaðarmenn stéttarféлага jafnt sem aðrir að hlíta þessum aldursmörkum.

Með skírskotun til þessara staðreynda verður að telja, að nefnd ákvörðun stjórnar Kexverksmiðjunnar Esju h/f um aldursmörk starfskvenna þar, hafi verið lögmæt, og tók hún jafnt til trúnaðarmannsins Theodóru Guðlaugsdóttur sem annara starfskvenna. Og þar sem Theodóru var sagt upp með

lögætum fyrirvara og eigi hefur verið sannað, að uppsögnin brjóti í bága við fyrirmæli 11. gr. laga nr. 80/1938, ber að meta hana gilda. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Félags íslenzkra iðnrekenda f. h. Kexverksmiðjunnar Esju h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alpýðusambands Íslands vegna Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 3. apríl 1973.

Nr. 6/1972. **Félag menntaskólakennara**
(Sigurður Gizurarson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Þorsteinn Geirsson hrl.).

D ó m a r a r :

Guðmundur Jónsson borgardómari, Emil Ágústsson borgardómari, Ragnar Jónsson hrl., Bjarni Sigurðsson prestur og Egill Sigurgeirsson hrl.

Frávísun. Ekki gætt ákvæða 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938.

D ó m u r .

Mál þetta hefur Félag menntaskólakennara höfðað á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni hinn 8. nóvember 1972. Í stefnu eru þessar dómkröfur gerðar:

1. Að Félag menntaskólakennara sé réttur viðsemjandi